



Leit í Dómasafni - nánar um dómsúrlausn

Lykilorð tengd þessum domi

Stjórnsýsla

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 16. febrúar 2015 í máli nr. E-1523/2014:

Samherji hf.

(Garðar Guðmundur Gíslason hdl.)

gegn

Seðlabanka Íslands

(Gizur Bergsteinsson hrl.)

Mál þetta sem dómtokið var 21. janúar 2015 var höfðað 22. apríl 2014 af hálfu Samherja hf., Glerárgötu 30, Akureyri, á hendur Seðlabanka Íslands, Kalkofnsvegi 1, Reykjavík, til þess að fá dóm fyrir eftifarandi kröfum.

Stefnandi krefst þess:

1. Að ógilt verði með dómi ákvörðun stefnda, dags. 24. janúar 2014, tilv. 1312149, þar sem stefndi synjaði kröfu stefnanda um afhendingu gagna í stjórnsýslumáli stefnanda hjá stefnda nr. 1206039.
2. Að stefndi verði dæmdur skyldur til að afhenda stefnanda eftirlalin gögn og upplýsingar:
 - a) Afrit af þeim skrám úr skjalavistunarkerfi stefnda (One Systems) þar sem haldið hefur verið utan um gögn og samskipti í stjórnsýslumáli stefnanda hjá stefnda nr. 1206039.
 - b) Yfirlit yfir skráningar stöðubreytinga máls nr. 1206039 í málaskrá stefnda.
 - c) Öll gögn sem varða samskipti starfsmanna stefnda við embætti sérstaks saksóknara, önnur stjórnvöld og fjölmöla vegna máls nr. 1206039.
 - d) Öll gögn sem varða samskipti starfsmanna stefnda við fyrirtæki og einstaklinga vegna rannsóknar stefnda á máli nr. 1206039.
 1. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda. Þá krefst stefndi þess að stefnanda verði gert að greiða sér málskostnað.

Yfirlit málsatvika og ágreiningsefna

Mál þetta má rekja til þess að stefndi gerði húsleit þann 27. mars 2012 á starfsstöðvum stefnanda og Pekkingar-Tristan hf. vegna meintra brota stefnanda og annarra félaga á lögum um gjaldeyrismál nr. 87/1992 og reglum settum á grundvelli þeirra laga. Var í húisleitinni lagt halt á mikil magn gagna á starfsstöðvum stefnanda í Reykjavík og Akureyri og á starfsstöðvum Pekkingar-Tristan hf. í Kópavogi og Akureyri. Stefndi leitaði úrlausnar dómstóla um lögmæti aðgerða stefnda, sbr. dóma Hæstaréttar 2. apríl 2012 í máli nr. 215/2012, 30. maí 2012 í málum nr. 356/2012 og nr. 357/2012, 30. október 2012 í máli nr. 659/2012, 22. febrúar 2013 í máli nr. 110/2013 og 22. apríl 2013 í máli nr. 206/2013, en kröfum stefnanda var ýmist hafnað eða vísað frá héraðsdómi eða Hæstarétti. Á tímabilinu frá 28. mars 2012 til 5. febrúar 2013 afhenti stefndi að beiðni lögmannna stefnanda, stefnanda frumrit eða eftir atvikum afrit gagna sem lagt hafði verið halt á.

Þann 10. apríl 2013 beindi stefndi kær til embættis sérstaks saksóknara vegna meintra brota stefnanda og annarra félaga á lögum og reglum um gjaldeyrismál. Rannsókn málsins var hætt á embætti sérstaks saksóknara og var kæran

endursend stefnda ásamt gögnum 28. ágúst 2013, með vísan til 6. mgr. 16. gr. b laga um gjaldeyrismál, nr. 87/1992, þar sem mál yrði ekki höfðað á hendur lögaðilum á grundvelli laganna.

Þann 9. september 2013 sendi stefndi nýja kæru til embættis sérstaks saksóknara. Sú kæra laut að meintum brotum einstaklinga. Með bréfum, dags. 12. september 2013, krafði stefnandi embætti sérstaks saksóknara um upplýsingar og gögn málsins sem lokið var hjá embættinu og krafði stefnda um upplýsingar og gögn stjórnsýslumálsins sem leiddi til kærunnar til embættis sérstaks saksóknara.

Með ákvörðun, dags. 25. nóvember 2013, lagði ríkissaksóknari fyrir embætti sérstaks saksóknara að veita stefnanda aðgang að gögnum málsins sem lokið var, í samræmi við fyrirmæli ríkissaksóknara nr. 1/2013. Með bréfum, dags. 4. desember 2013, krafði stefnandi enn, annars vegar embætti sérstaks saksóknara, um aðgang að gögnum málsins sem lokið var hjá embættinu, og hins vegar stefnda, um aðgang að gögnum stjórnsýslumálsins sem leiddi til kærunnar til embættis sérstaks saksóknara. Í bréfi til stefnda var áréttar að einnig væri krafist aðgangs að þeim gögnum sem snuru að samskiptum milli stefnda og embættis sérstaks saksóknara vegna meðferðar kærunnar og málsins að öðru leyti. Embætti sérstaks saksóknara afhenti stefnanda gögn þann 12. desember 2013. Stefnandi sendi ítrekun með tölvupóstí á forstöðumann rannsóknadeildar gjaldeyriseftirlits stefnda þann 17. desember 2013 sem svarað var með bréfi frá stefnda 13. janúar 2014. Í bréfinu kom fram að þau gögn sem lagt hefði verið hald á við húsleit hjá stefnanda hefðu verið send embætti sérstaks saksóknara og því væri ekki á færi stefnda að veita stefnanda aðgang að þeim. Þar sem embætti sérstaks saksóknara hefði afhent stefnanda gögn teldi stefndi ekki tilefni til að takmarka aðgang stefnanda að kæru stefnda og fylgiskjölum ásamt bréfi embættis sérstaks saksóknara um endursendingu málsins og væru þau gögn því afhent. Með vísun til þagnarskylduákvæðis 35. gr. laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands, 17. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993 og 15. gr. laga nr. 87/1992 um gjaldeyrismál voru þó afmáðar upplýsingar sem rekjanlegar voru til einstakra aðila að útflutningsviðskiptum, annarra en stefnanda.

Með bréfi stefnanda til stefnda 16. janúar 2014 mótmælti stefnandi því að hann hefði fengið aðgang að öllum gögnum málsins og vísaði til þess að hann hefði ekki fengið afrit af beiðni stefnda um halldagningu gagna hjá Þekkingu-Tristan hf., ásamt fylgigögnum, auk gagna sem lytu að tilurð málsins og samskiptum við önnur stjórnvöld. Til að tryggja að stefnandi gæti fengið úr skugga um að öll gögn vegna málsins yrðu afhent var gerð krafa um að látið yrði í té afrit af eða skoðunaraðgangur að þeiri eða þeim skram (log skram) úr skjalavistunarkerfi stefnda (One Systems) þar sem halddi hefði verið utan um gögn og samskipti varðandi málið. Einnig var óskað eftir því að stefndi afhenti eða veitti aðgang að skráningum stöðubreytinga málsins í málaskrá stefnda.

Stefndi svaraði stefnanda með bréfi 24. janúar 2014. Í bréfinu kom fram að við yfirferð þeirra gagna sem látin voru stefnanda í té þann 13. janúar 2014 hefði komið í ljós að láðst hefði að afhenda stefnanda kafla, sem bæri heitið réttarfarsgögn og meðferð halds, í fylgiskjali við kæru. Samkvæmt upplýsingum frá embætti sérstaks saksóknara væru þetta gögn sem þegar hefðu verið afhent og því væru rannsóknarhagsmunir ekki lengur til staðar. Yrðu þau gögn því afhent ef þess yrði óskað. Að öðru leyti var beiðni stefnanda um aðgang umfram þau gögn sem þegar hefðu verið afhent synjað. Í bréfinu var tekið fram að stefndi hefði sent embætti sérstaks saksóknara nýja kæru vegna háttsemi fyrirsvarsmanna stefnanda og tengdra félaga. Aðgangur að gögnum í máli sem rannsakað væri af embætti sérstaks saksóknara félli utan upplýsingaráettar stefnanda, sbr. 6. mgr. 15. gr. stjórnsýslulaga.

Stefnandi telur síðastnefnda ákvörðun stefnda vera synjun á afhendingu umbeðinna upplýsinga og gagna í stjórnsýslumáli hans og telur stefnandi að stefndi brjóti á skýlausum rétti sínum til að fá aðgang að upplýsingunum. Stefndi telur að hann hafi veitt stefnanda aðgang að öllum þeim gögnum sem hann elgi samkvæmt lögum rétt á.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggi á því að hann eigi rétt á aðgangi að umbeðnum upplýsingum og gögnum í stjórnsýslumáli sínu hjá stefnda annars vegar á grundvelli 1. mgr. 15. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og meginreglna stjórnsýsluréttar um rétt málsaðila til aðgangs að upplýsingum og gögnum máls; og hins vegar á grundvelli 6. mgr. 15. gr. stjórnsýslulaga.

Fyrir liggi að embætti sérstaks saksóknara hafi endursent stefnda kæru á hendur stefnanda og fleiri lögaðilum ásamt kærumálgögnum í lok ágúst 2013, sbr. 6. mgr. 16. gr. b laga um gjaldeyrismál, og hætt rannsókn þess máls sem grundvallaðist á kærunni í kjölfarið. Ákvörðun stefnda, dags. 24. janúar sl., um að synja stefnanda um aðgang að gögnum stjórnsýslumálsins á þeim forsendum að máli embættis sérstaks saksóknara hafi ekki verið lokið eða að rannsókn þess hafi ekki verið hætt samræmist því ekki afstöðu embættis sérstaks saksóknara, afstöðu ríkissaksóknara eða framlögðum gögnum. Synjun stefnda sé því byggð á röngum lagagrundvelli.

Ákvæði 6. mgr. 16. gr. b laga um gjaldeyrismál nr. 87/1992 mæli fyrir um að telji ákærandi að ekki séu efni til málshöfðunar vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi sem jafnframt varði stjórnsýsluviðurlögum geti hann sent eða endursent mál til stefnda til meðferðar og ákvörðunar. Embætti sérstaks saksóknara hafi endursent stefnda umrædda kæru þar sem í lögum um gjaldeyrismál sé ekki kveðið á um refsíabyrgð lögaðila í skilningi almennra hegningarlaga nr. 19/1940 fyrir brot gegn lögnum eða reglum settum á grundvelli þeirra. Lög um gjaldeyrismál hafi eingöngu að geyma heimild til að leggja á lögaðila stjórnvallssektir. Stefndi telji að skilja beri framangreint ákvæði á þann veg að þegar ákærandi endursendi stefnda mál beri stefnda að taka málið til meðferðar og ákvörðunar um hvort stjórnvallssektum verði þá beitt eða mál fellt niður gagnvart viðkomandi aðila. Við þá málsmeðferð gildi stjórnsýslulög og sú málsmeðferð verði að fullnægja þeim kröfum sem leiði af fyrirmælum þeirra laga, þ. á m. 15. gr. laganna. Upplýsingaráettur aðila máls samkvæmt 1. mgr. 15. gr. stjórnsýslulaga gildi hvort sem mál sé til meðferðar eða því sé lokið. Stefndi telji að stjórnsýslumáli stefnda á hendur honum sé lokið en stefnanda sé ekki kunnugt um að stefndi hafi mál hans og annarra lögaðila enn til meðferðar. Eigi stefnandi því rétt á aðgangi að gögnum í því máli, sbr. meginreglu 1. mgr. 15. gr. stjórnsýslulaga. Sé stjórnsýslumáli stefnanda hins vegar enn til meðferðar hjá stefnda byggi stefnandi þó allt að einu á því

að hann eigi rétt til aðgangs að skjölum og gögnum málsins á grundvelli 15. gr. stjórnsýslulaga enda eigi undanþáguákvæði 16. og 17. gr. laganna ekki við.

Stefnandi byggi einnig á því að hann eigi rétt til aðgangs að gögnum í stjórnsýslumáli stefnda á grundvelli 6. mgr. 15. gr. stjórnsýslulaga. Stefndi telji að túlka beri ákvæðið rúmt og með hliðsjón af 1. gr. fyrirmæla ríkissaksóknara nr. 1/2013 í tilviki stefnanda þar sem hann hafi lögvarða hagsmuni af því að fá aðgang að gögnum málsins þótt hann teljist ekki hafa verið sakborningur í skilningi sakamálalaga. Í athugasemdum í frumvarpi með stjórnsýslulögum komi fram að skýra beri aðilahugtak laganna rúmt og undir hugtakið falli einnig þeir sem hafi óbeinna hagsmunu að gæta. Fram komi í athugasemnum að það sem ráði úrslitum í þeim efnum sé það hvort maður teljist hafa lögvarinna hagsmunu að gæta. Þá leiði grunnrök að baki 6. mgr. 15. gr. stjórnsýslulaga til hins sama en eitt meginmarkmið ákvæðisins sé að aðili geti gætt réttinda sinna eftir að máli hafi verið lokið, m.a. vegna mögulegs tjóns sem hann hafi beðið.

Vegna vísunar stefnda til þess að endursending embættis sérstaks saksóknara hafi verið grundvölluð á annmarka á formi en ekki efni bendi stefnandi á að stefndi hefði ekki getað gert lagfæringer á kærunni og kært stefnanda og aðra lögaðila aftur til embættis sérstaks saksóknara þar sem þeir aðilar geti ekki sætt sakamálarannsókn á grundvelli laga um gjaldeyrismál. Máli á hendur þeim aðilum sé því endanlega lokið hjá löggreglu. Hin nýja kæra sem stefndi hafi síðar sent beinist að einstaklingum og byggi á grundvelli sem sé eðlisólikur þeim sem fyri kæran hafi byggt á. Sú kæra byggi því á öðrum forsendum og sjónarmiðum. Þá sé hin nýja kæra grundvölluð á sjálfstæðu mati stefnda á því hvort meint brot þeirra einstaklinga sem kærðir eru teljist meiri háttar. Þannig hafi efnislegt mat burft að fara fram varðandi meint brot einstaklinganna hjá stefnda áður en síðari kæran hafi verið send til embættis sérstaks saksóknara og með því hafi verið markaður grundvöllur að nýju máli sem skyldi sæta sakamálarannsókn.

Stefndi grundvalli ákvörðun sína um synjun á afhendingu gagna á því að hann hafi sent embætti sérstaks saksóknara nýja kæru vegna þeirrar háttsemi í starfsemi stefnanda sem talin sé brot gegn lögum um gjaldeyrismál og þágildandi reglum settum á grundvelli laganna. Þá sé í ákvörðun stefnda vísað til þess að um aðgang að gögnum í máli sem rannsakað sé af embætti sérstaks saksóknara gildi ákvæði IV. kafla laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Hin nýja kæra beinist að einstaklingum. Óumdeilt sé að mál stefnanda og fleiri lögaðila sem verið hafi grundvallað á fyri kæru stefnda sæti ekki rannsókn löggreglu lengur og lúti meðferð þess máls ekki ákvæðum sakamálalaga. Liggi skjöl og önnur gögn sem tilheyra sakamáli einnig fyrir eða séu notuð í öðru stjórnsýslumáli sem ekki sé andlag sakamálarannsóknar þá hindri ákvæði 6. mgr. 15. gr. stjórnsýslulaga ekki aðgang að gögnum þess stjórnsýslumáls. Hins vegar purfi þá að skoða hvort 16. og 17. gr. stjórnsýslulaga eigi við.

Stefnandi byggi á því að 16. og 17. gr. stjórnsýslulaga eigi ekki við varðandi aðgang að þeim upplýsingum og gögnum sem hann krefjist vegna stjórnsýslumáls hans. Rök stefnanda þar um séu svofelld:

Annars vegar telji stefnandi 16. gr. stjórnsýslulaga ekki eiga við um þau gögn og upplýsingar sem krafist sé aðgangs að. Stefndi vísi í þessu sambandi til 2. mgr. 5. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 til fyllingar, en samkvæmt því ákvæði nái réttur almennings til aðgangs að dagbókarfærslum sem lúti að gögnum máls og lista yfir málsgögn. Enda þótt ákvæði upplýsingalaga gildi ekki um aðgang að upplýsingum samkvæmt stjórnsýslulögum, verði að skýra ákvæði þessara tveggja lagabálka saman, enda lúti hvor tveggja að aðgangi að gögnum máls hjá stjórnvaldi. Þá beri jafnframt að hafa í huga að upplýsingalögin séu talsvert yngri en stjórnsýslulögin og því nákvæmari um tilgreiningu gagna en hin eldri stjórnsýslulög, í ljósi tæknipróunar. Réttur aðila stjórnsýslumáls að gögnum máls geti aldrei orðið lakari en réttur almennings til aðgangs að málsgögnum. Áðurnefnt ákvæði upplýsingalaga mæli fyrir um að réttur almennings til aðgangs að gögnum nái til:

1. allra gagna sem mál varða, þ.m.t. endurrita af bréfum sem stjórnvald eða annar aðili hefur sent, enda megi ætla að þau hafi borist viðtakanda,

2. dagbókarfærslna sem lúta að gögnum máls og lista yfir málsgögn.

Í athugasemdum við ákvæði þetta í frumvarpi því sem varð að upplýsingalögum segi m.a.:

Réttur almennings til aðgangs að gögnum nær einnig til dagbókarfærslna um skjöl máls, sbr. 2. tölul. 2. mgr. 5. gr. Gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu að nánari reglur um skráningu mála, skjalaskrár og aðra vistun gagna fari að lögum um þjóðskjalasaðn, sbr. 26. gr. frumvarpsins. Almennt er það grundvallaratriði um beitingu upplýsingalaga að stjórnvöld haldi á hverjum tíma skýra og glögga skrá yfir mál og málsgögn með einhverjum hætti. Dagbókarfærslur sem lúta að því hvaða gögn tilheyra hverju máli fyrir sig geta veitt gott yfirlit um gögn máls þótt iðulega komi þar lítið sem ekkert fram um sjálf efní málsins.

Hins vegar telji stefnandi 17. gr. stjórnsýslulaga ekki eiga við, en ákvæðið geymi þrónga undantekningarreglu frá meginreglu 15. gr. laganna. Í ákvæðinu segi að þegar sérstaklega standi á sé stjórnvaldi heimilt að takmarka aðgang aðila máls að gögnum ef hagsmunir hans af því að notfæra sér vitnesku úr þeim þykja eiga að víkja fyrir mun ríkari almanna- eða einkahagsmunum. Þótt gagn kunni að liggja fyrir við rannsókn sakamáls í skilningi 6. mgr. 15. gr. stjórnsýslulaga leiði það ekki sjálfkrafa til þess að undanþága 17. gr. stjórnsýslulaga eigi við um sama gagn sem liggi fyrir í öðru stjórnsýslumáli óháð því hvernig mat samkvæmt ákvæðinu horfi við í hverju tilviki. Ekki sé því hægt að útiloka aðila frá aðgangi að gögnum í máli sínu með almennri skírskotun til þess að í gögnum sem beðið sé um kunni að vera upplýsingar sem tengist rannsókn annars sakamáls sem myndu falla undir 6. mgr. 15. gr. stjórnsýslulaga.

Þegar undantekningarreglu 17. gr. stjórnsýslulaga sé beitt purfi stjórnvald að leggja mat á þau andstæðu sjónarmið sem uppi séu í hverju máli og vegna einstakra gagna. Slíkt mat hafi ekki verið framkvæmt af stefnda líkt og skylt sé. Stefndi byggi á því að engir ríkari almanna- eða einkahagsmunir geti réttlætt takmörkun á aðgangi hans að upplýsingum í máli

sínu hjá stefnda samkvæmt 17. gr. stjórnsýslulaga. Stefnandi hafi þegar fengið mikið magn gagna afhent frá stefnda vegna málsins. Þau gögn sem stefndi eigi eftir að fá afhent frá stefnda vegna málsins séu af sama meiði og þau hefði stefndi því átt að vera búinn að afhenda. Gögnin sem stefndi krefjist aðgangs að lúti m.a. að upplýsingum um málsmeðferð stefnda í máli stefndanda og hvort réttilega hafi verið staðið að henni. Krafist sé upplýsinga úr skjalavistunarkerfi stefnda (One Systems) í því skyni. Aðgangur að þeim upplýsingum, eða öðrum upplýsingum sem stefndi krefjist aðgangs að, muni ekki skaða almanna- eða einkahagsmuni annarra. Þá hafi aðgangur að þeim upplýsingum mikilsverða þýðingu fyrir stefndanda svo að hann geti tekið afstöðu til málsmeðferðar stefnda, gætt réttinda sinna og rétt hlut sinn. Þau gögn sem þegar hafi verið afhent bendi að mati stefndanda til þess að réttur hans hafi verið brotinn af hálfu stefnda við meðferð málsins og sé ríkt tilefni fyrir stefndanda að kanna það til hlítar.

Til viðbótar við framangreint byggir stefndi á því að rannsóknarhagsmunir geti ekki réttlætt takmörkun á aðgangi að upplýsingum og gögnum í stjórnsýslumáli hans hjá stefnda.

Í fyrsta lagi séu nú liðin meira en tvö ár síðan húsleit stefnda í starfsstöðvum stefndanda og annarra aðila hafi átt sér stað. Þeir rannsóknarhagsmunir sem mögulega hafi getað réttlætt takmörkun á aðgangi upplýsinga og gagna í upphafi séu ekki lengur til staðar. Embætti sérstaks saksóknara hafi endursent stefndi kæruna frá 10. apríl 2013 þar sem þeir aðilar sem kærðir hafi verið geti hvorki sætt refsíabyrgð í skilningi hegningarlaga né sakamálarannsókn á grundvelli laga um gjaldeyrismál. Takmörkun á aðgangi að gögnum með vísan til rannsóknarhagsmunu vegna rannsóknar sakamáls skv. ákvæðum laga nr. 88/2008 eigi sér því ekki stoð.

Í öðru lagi séu nú liðir meira en sjö mánuðir síðan stefndi hafi sent kæru á hendur tiltekrum einstaklingum til embættis sérstaks saksóknara. Rannsókn í því máli hafi hafist gagnvart einstaklingunum í nóvember 2013 og hafi gögn verið afhent í tengslum við þá rannsókn. Hugsanlegur skaði á rannsóknarhagsmunum í því máli geti þannig heldur ekki orðið.

Í þriðja lagi geti aðgangur að þeim gögnum sem stefndi hafi krafist að fá augljóslega ekki kollvarpað neinum rannsóknarhagsmunum en gögnin lúti fyrst og fremst að málsmeðferð stefnda í stjórnsýslumáli stefndanda og varði stefndanda og tengd félög. Þau gögn séu ekki undir í rannsókn sakamáls og teljist ekki gögn slíks máls.

Samkvæmt öllu framangreindu telji stefndi ljóst að synjun stefnda á aðgangi stefndanda að upplýsingum og gögnum í stjórnsýslumáli hans eigi sér ekki stoð í lögum. Þau gögn sem þegar hafi verið afhent af hálfu stefnda bendi, að mati stefndanda, til þess að réttur hans hafi verið brotinn af hálfu stefnda við meðferð málsins. Þau gögn sem stefndi krefjist aðgangs að til viðbótar lúti m.a. að upplýsingum um málsmeðferð stefnda í máli stefndanda og hvort réttilega hafi verið staðið að henni. Krafist sé upplýsinga úr skjalavistunarkerfi stefnda (One Systems) í því skyni. Aðgangur að þeim upplýsingum og gögnum hafi mikilsverða þýðingu fyrir stefndanda svo að hann geti tekið afstöðu til málsmeðferðar stefnda, gætt réttinda sinna og rétt hlut sinn. Verði því að taka til greina kröfu stefndanda um að ógilda ákvörðun stefnda, dags. 24. janúar 2014, tilv. 1312149, og leggja fyrir stefndi að afhenda stefndanda umbeðnar upplýsingar og gögn.

Um lagarök vísi stefndi m.a. til 15., 16. og 17. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, almennra reglna stjórnsýsluréttar um upplýsingarétt málsaðila, upplýsingalaga nr. 140/2012, laga um gjaldeyrismál nr. 87/1992, laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, fyrirmæla ríkissaksóknara nr. 1/2013, almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og laga um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001. Krafa stefndanda um málskostnað sæki stoð sína í 129. og 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi krefjist þess að hann verði sýknaður af kröfum stefndanda. Stefnandi byggi á því að stefndi hafi fengið aðgang að þeim gögnum sem hann eigi rétt á lögum samkvæmt. Stefnanda hafi verið veittur aðgangur að kæru stefnda til embættis sérstaks saksóknara 10. apríl 2013 ásamt fylgiskjölum og bréfi sérstaks saksóknara til stefndi 28. ágúst 2013. Þau gögn sem stefndi hafi ekki verið veittur aðgangur að séu kæra stefndi á hendur þeim einstaklingum sem verið hafi í fyrirsvari fyrir stefndanda og tengd félög, ásamt fylgiskjölum. Ákvæði 6. mgr. 15. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, komi í veg fyrir að stefndi geti afhent stefndanda þau gögn. Við það bætist svör Reiknistofu bankanna og Arion banka hf. við fyrirspurnum stefndi ásamt gögnum frá aðila tengdum stefndanda, sem nú hafi verið send sérstökum saksóknara.

Stefndi hafi fengið aðgang að öllum þeim gögnum sem stefndi hafi lagt hald á, sem stefndi hafi óskað eftir. Stefnandi geti ekki veitt stefndanda aðgang að þeim hluta umræddra gagna sem send hafi verið embætti sérstaks saksóknara og séu ekki lengur í vorslum stefndi. Stefnandi hafi fengið aðgang að öllum gögnum sem hann eigi rétt á lögum samkvæmt og ákvörðun stefndi um að synja um frekari aðgang að gögnum sé í samræmi við ákvæði stjórnsýlu- og upplýsingalaga.

Krafa um að stefndi verði gert að afhenda stefndanda log-skrár og yfirlit um stöðubreytingar úr skjalavistunar- og málaskrárkerfi sínu.

Stefndi byggi á því að hann hafi ekki fengið aðgang að öllum gögnum málsins. Með vísan til þessa telur hann sig verða að fá upplýsingar úr skjalavistunar- og málaskrárkerfi stefndi. Stefnandi krefjist sýknu af þessum kröfum stefndanda.

Þær skrár sem um ræði hafi að geyma nákvæmar upplýsingar um sérhverja breytingu sem starfsmenn stefndi geri á þeim skjölum sem saman séu innan vébanda stefndi í tengslum við tiltekið mál. Þannig sé sem dæmi unnt að rekja hvaða starfsmaður hafi gert breytingu á drögum að ákveðnu skjali og skoða þau fyrir og eftir breytinguna. Þá sé unnt að rekja hvaða starfsmaður hafi opnað eða afritað ákveðið skjal og hvenær það hafi verið gert, auch margvislegra fleiri atriða sem snúi eingöngu að stjórn og innra eftirliti hjá stefndi. Að þessu leyti séu upplýsingar færðar sjálfkrafa í skjalavistunar- og málaskrárkerfið eftir því sem viðkomandi máli vindu fram. Þær skrár sem um ræði hafi einnig að geyma fjölmargar aðrar upplýsingar, svo sem hver sé ábyrgðarmaður máls, hvaða starfsmenn hafi aðgang að gögnum og fleiri atriði. Ekki sé í neinu tilviki um að ræða upplýsingar sem niðurstaða máls kynni að vera reist á. Hið sama eigi við um yfirlit um skráðar

stöðubreytingar máls. Upplýsingar úr skjalavistunar- og málaskrárkerfinu hafi því eingöngu þýðingu fyrir öryggi og innra eftirlit hjá stefnda og fyrir stjórn og vinnslu einstakra mála hjá honum.

Með vísan til þessa mótmæli stefndi því að upplýsingar úr skjalavistunar- og málaskrárkerfi hans teljist til skjala eða annarra gagna er málíð varði, sbr. 1. mgr. 15. gr. stjórnsýslulaga. Í þessu sambandi árétti stefndi að ekki sé um að ræða upplýsingar um málsatvik. Þá árétti stefndi að ekki sé um að ræða upplýsingar sem stefnda beri að halda til haga, sbr. 27. gr. upplýsingalaga, nr. 140/2012. Allar upplýsingar um stjórnsýslumeðferð stefnda á málínu liggi fyrir í skjölum sem tilheyri gögnum málsins.

Verði ekki á framangreint fallist byggi stefndi á því að upplýsingar úr skjalavistunar- og málaskrárkerfi hans teljist til vinnuskjala, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 16. gr. stjórnsýslulaga. Markmið ákvæðisins sé að veita stjórnvöldum svigrúm til þess að vega og meta mál með skriflegum hætti til undirbúnings að úrlausn þess án þess að eiga það á hættu að uppkast að niðurstöðu verði síðar meir gert opinbert. Verði fallist á kröfum stefnanda geti hann kynnt sér sérhverja breytingu á drögum að skjölum í máli hans, allt frá því að byrjað hafi verið að vinna í þeim þar til þau séu fullbúin. Stefndi byggi á því að ákvæði 3. tölul. 1. mgr. 16. gr. stjórnsýslulaga sé ætlað að koma í veg fyrir að aðili máls fái aðgang að slíkum upplýsingum.

Verði ekki á framangreint fallist byggi stefndi á því að hagsmunir stefnanda af því að notfæra sér vitnesku úr skránum eigi að víkja fyrir mun ríkari almannahagsmunum, þ.e. hagsmunum stefnda af því að rannsaka ætluð brot án þess að sérhver breyting eða athugasemd sem skráð sé um málíð verði síðar gerð opinber. Með skírskotun til þessa byggi stefndi á því að heimilt sé að takmarka aðgang stefnanda að upplýsingunum á grundvelli 17. gr. stjórnsýslulaga.

Stefndi mótmæli sérstaklega þeirri staðhæfingu stefnanda að hann verði að fá aðgang að upplýsingum úr skjalavistunar- og málaskrárkerfi stefnda í því skyni að meta hvort málsmeðferð stefnda hafi verið lögum samkvæmt. Stefndi byggi á því að fullnægjandi sé fyrir stefnanda að fá afrit af gögnum málsins til að meta hvort svo sé.

Krafa um að stefnda verði gert að afhenda öll gögn sem varða samskipti starfsmanna stefnda við embætti sérstaks saksóknara, önnur stjórnvöld og fjölmíðla vegna máls nr. 1206039.

Að því er snerti gögn vegna samskipta starfsmanna stefnda við embætti sérstaks saksóknara þá hafi stefnandi fengið afhenta kæru stefnda á hendur stefnanda auc fylgiskjala. Þá hafi stefnandi fengið afhent bréf sérstaks saksóknara til stefnda um endursendingu málsins. Eftir þingfestingu þessa máls hafi komið í ljós að láðst hefði að afhenda stefnanda beiðni um aðstoð embættis sérstaks saksóknara við leit á starfstöð stefnanda en úr því hefði verið bætt.

Enda þótt stefnandi tiltaki ekki kæru stefnda á hendur þeim einstaklingum sem verið hafi í fyrirsvari fyrir stefnanda eða tengd félög byggi stefndi á því að stefnandi eigi ekki rétt á aðgangi að kærunni, sbr. 6. mgr. 15. gr. stjórnsýslulaga, um að 15. gr. laganna taki ekki til rannsóknar sakamáls og meðferðar þess að öðru leyti.

Að því er snerti gögn vegna samskipta starfsmanna stefnda við önnur stjórnvöld þá liggi engin slík gögn fyrir utan að komið hafi í ljós að stefndi hafi átt eftir að afhenda stefnanda beiðni um aðstoð Tollstjóra við leit á starfsstöð stefnanda. Stefnandi hafi nú fengið afrit af beiðninni. Að því er snerti gögn vegna samskipta starfsmanna stefnda við fjölmíðla þá liggi engin slík gögn fyrir utan tveggja tilkynninga. Stefnandi hafi nú fengið afrit af tilkynningunum. Ekki séu til staðar önnur gögn um samskipti starfsmanna stefnda við stjórnvöld og fjölmíðla.

Þar sem stefnandi hafi fengið aðgang að þeim gögnum sem krafa hans taki til hafi hann ekki lengur lögvarða hagsmuni af úrlausn héraðsdóms um kröfuna. Samkvæmt því ætti að vísa kröfunni frá héraðsdómi.

Krafa um að stefnda verði gert að afhenda öll gögn sem varða samskipti starfsmanna stefnda við fyrirtæki og einstaklinga vegna rannsóknar stefnda á mál nr. 1206039.

Að því er snerti gögn um samskipti starfsmanna stefnda við fyrirtæki og einstaklinga þá séu upplýsingar um útflutningsviðskipti annarra aðila en stefnanda á meðal gagna málsins. Upplýsingarnar séu rekjanlegar til einstakra aðila og hafi meðal annars að geyma trúnaðarupplýsingar um verð í viðskiptum umræddra aðila og viðskiptavina þeirra. Stefndi byggi á því að honum sé óheimilt að láta stefnanda í té umræddar upplýsingar vegna ákvæða um þagnarskyldu í 35. gr. laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands og 15. gr. laga nr. 87/1992 um gjaldeyrismál. Stefndi byggi jafnframt á því að honum sé óskyldt að láta upplýsingarnar af hendi vegna þess að hagsmunir umræddra aðila af því að upplýsingarnar fari leynt séu mun ríkari en hagsmunir stefnanda af því að notfæra sér þær, sbr. 17. gr. stjórnsýslulaga. Enda þótt upplýsingarnar varði eldri viðskipti megi draga af þeim ályktanir um rekstur viðkomandi aðila. Fyrirtækjum sé óheimilt að skiptast á upplýsingum um verð og viðskiptakjör vegna ákvæða 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005.

Verði ekki á þetta fallist byggi stefndi á því að umrædd gögn séu nú hluti af rannsókn sakamáls og því undanskilin upplýsingarétti aðila, sbr. 6. mgr. 15. gr. stjórnsýslulaga. Stefndi mótmæli því sérstaklega að stefnandi eigi rétt á upplýsingum á grundvelli lokamálsliðar ákvæðisins, enda teljist hann ekki sakborningur í skilningi ákvæðisins.

Stefndi bendi á að stefnandi geri ekki greinarmun á þeim málsástæðum sem hann tefli fram til stuðnings kröfu sinni um ógildingu ákvörðunar stefnda og þeim kröfum sem hann geri um skyldu stefnda til að afhenda upplýsingar og gögn.

Meðal annars í tilefni af síðastgreindri athugasemd í greinargerð stefnda og ábendingu hans um frávísun án kröfum á kröfulið 2.c í stefnu, reifuðu lögmenn aðila við munlegan málflutning, að tilmælum dómara, sjónarmið sín um hugsanlega frávísun málsins eða einstakra kröfuliða án kröfum.

Niðurstaða

Kröfugerð stefnanda í málínu er í meginatriðum sett fram í tveimur kröfuliðum. Krafa stefnanda samkvæmt fyrsta kröfulið, um ógildingu ákvörðunar stefnda um synjun afhendingar á gögnum, er gerð á þeim grundvelli að stefnda hafi verið skyldu að afhenda honum gögn, svo sem hann krefst dóms um í kröfum undir öðrum tölulið kröfugerðar sinnar. Við úrlausn þeirra krafna er óhjákvæmilegt að taka afstöðu til réttmætis þeirrar ákvörðunar sem krafist er ógildingar á í fyrsta tölulið kröfugerðar. Svo sem stefndi vekur athygli á í greinargerð gerir stefnandi ekki greinarmun á þeim málsástæðum sem hann teflir fram til stuðnings kröfu sinni um ógildingu ákvörðunar stefnda og þeim kröfum sem hann gerir um skyldu stefnda til að afhenda upplýsingar og gögn. Krafa um ógildingu ákvörðunar stefnda er í raun ekki annað en málsástæða fyrir kröfum stefnanda um afhendingu gagna og upplýsinga samkvæmt öðrum tölulið, en stefnandi hefur ekki sýnt fram á að hann hafi af því hagsmuni að lögum að ákvörðunin verði jafnframt ógilt með dómi. Ber því að vísa kröfu stefnanda samkvæmt fyrsta kröfulið frá dómi án kröfu á grundvelli 1. mgr. 25. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar í mál nr. 141/2013.

Stefnandi byggir kröfur sínar um afhendingu gagna og upplýsinga á því að hann eigi sem málsaðili rétt á aðgangi að skjölum og gögnum stjórnsýslumáls samkvæmt 1. mgr. 15. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og á því að hann eigi rétt á að kynna sér gögn í málí sem verið hefur til rannsóknar sem sakamál eftir að rannsókn er lokið samkvæmt 6. mgr. sömu lagagreinar. Um upplýsingarétt stefnanda á grundvelli þessara ákvæða er ekki ágreiningur í málínu, en stefndi telur sig þegar hafa afhent stefnanda þau gögn sem hann eigi rétt til á grundvelli þeirra. Kröfugerð stefnanda afmarkast við gögn og upplýsingar sem í málaskrá stefnda tilheyra málí númer 1206039. Stefndi staðfesti í bréfum sínum til stefnanda 13. janúar 2014 og 24. janúar s.á., að hann teldi stefnanda eiga rétt til allra gagna málsins sem fylgdu fyrri kæru hans til embættis sérstaks saksóknara (mál nr. 1206039), þó þannig að upplýsingar annarra aðila um útflutningsviðskipti væru afmáðar.

Bréf aðila eru ekki eins skýr og æskilegt væri um það annars vegar hvað felist í kröfu stefnanda um aðgang að öllum gögnum í bréfi hans til stefnda 16. janúar 2014 og hins vegar um það hvers sé synjað í svarbréfi stefnda 24. janúar s.á. Við málflutning skýrðist að þau gögn í málaskrá stefnda, sem tilheyra síðari kæru stefnda, á hendur einstaklingum, munu vera færð undir málsnúmerið 1309042 í málaskrá stefnda. Fyrir liggur að stefnandi krefst ekki afhendingar gagna eða upplýsinga úr því málí í þessu dómsmáli. Stefndi mun hafa lítið svo á að mál um kærurnar tvær væru í raun eitt stjórnsýslumál, þótt það hefði tvö málsnúmer í málaskrá, og það svar hans, um að synjað væri aðgangs að gögnum máls sem til meðferðar væri á embætti sérstaks saksóknara, vísa til þeirra gagna sem tengjast síðari kæru stefnda til sérstaks saksóknara og varða meint brot einstaklinga (mál 1309042). Í bréfi stefnda var jafnframt ítrekað að fylgiskjöl við þegar afhenta kæru verði afhent eða hafi þegar verið afhent þar sem rannsóknarhagsmunir séu ekki lengur til staðar og þar mun vera vísað til gagna sem fylgdu kæru stefnda á hendur lögaðilum og skráð eru í málaskrá stefnda undir númerinu 1206039 og stefnukröfur þessa máls lúta að.

Þegar frá eru taldar þær upplýsingar um útflutningsviðskipti annarra aðila, sem afmáðar voru fyrir afhendingu gagna til stefnanda, er hvorki ljóst af stefnu né þeim bréfaskiptum aðila sem fyrir liggja í málínu hvaða gögn eða upplýsingar það séu, sem tilheyri málí stefnda undir málsnúmerinu 1206039 og stefnandi telji að hann hafi ekki þegar fengið afhent, og sem hann krefst dóms um skyldu stefnda til að afhenda í málí þessu.

Stefnandi kveður þau gögn sem afhent hafa verið benda til þess, að mati stefnanda, að réttur hafi verið brotinn á honum við meðferð málsins og séu kröfur hans settar fram til þess að hann geti tekið afstöðu til málsmeðferðar stefnda, gætt réttinda sinna og rétt hlut sinn. Um málsmeðferð stefnda við rannsókn á málí stefnanda hefur verið fjallað í mórgum dómsmálum, eins og rakið er í kafla um málsatvik hér að framan. Ekkert af því sem þar kemur fram bendir til þess að tortryggni stefnanda í garð stefnda varðandi meðferð gagna í málí hans eigi við rök að styðjast. Fyrir liggur að gögn í málínu eru mjög umfangsmikil og tengjast svokölluð réttarfarsögnum aðgerðum sem fram fóru á Akureyri, í Reykjavík og í Kópavogi. Stefndi hefur afhent jafnharðan þau gögn sem í ljós hefur komið að misfarist hafi að afhenda afrit af áður og hefur gefið á þeim mistökum trúverðugar skýringar. Krafa stefnanda í kröfulið 2.a er í raun sú að fá aðgang að málaskrá stefnda til þess að leita að misfellum í málsmeðferð, án þess að hann hafi leitt að því nokkrar líkur að misfellur séu fyrir hendi, hafi bent á nokkuð sem gefi tilefni til að ætla að svo sé eða nokkuð bendi til þess að gögn séu til í málínu sem hann eigi rétt á að fá en stefndi hafi ekki uppýst um og ekki hafi verið afhent.

Stefndi hefur skýrt hvaða upplýsingar felast í þeim skrám sem stefnandi krefst afhendingar á samkvæmt kröfulið 2.a og stefndi hefur mótmælt því að slíkar upplýsingar úr skjalavistunar- og málaskrárkerfi hans teljist til skjala eða annarra gagna er málíð varði, sbr. 1. mgr. 15. gr. stjórnsýslulaga. Atburðaskráning í málaskrá er til þess ætluð að tryggja rekjanleika uppflettinga og vinnsluaðgerða og er ein tegund gagna sem verða til við rafræna vöktun gagnvart starfsfólk. Skrár úr skjalavistunarkerfi stefnda (One Systems), þar sem halddið hefur verið utan um gögn og samskipti í stjórnsýslumáli stefnanda hjá stefnda nr. 1206039, sem krafist er afhendingar á samkvæmt endanlegri kröfugerð stefnanda, hafa að geyma upplýsingar um vinnu og athuganir einstakra starfsmanna á skjölum og eru þær upplýsingar hluti af innra eftirliti með starfi stefnda. Það breytir engu í þessu sambandi þótt stefnandi hafi í kröfugerð sinni fellt niður orðin „(log skrám)“ sem í stefnu voru innan sviga í kröfuliðnum. Ekkert hefur komið fram í málínu sem bendi til þess að stefndi halddi gögnum málins frá stefnanda eða hefði af því nokkra hagsmuni, en almannahagsmunir leiða til þess að stefndi þarf að geta unnið að málí án þess vinnuskjöl hans verði gerð opinber. Fallist er á það með stefnda að slíkar upplýsingar, sem snúa að starfsemi stefnda og fela ekki í sér endanlega ákvörðun um afgreiðslu máls, eru undanþegnar upplýsingarétti málsaðila og ber að meðhöndlala sem vinnuskjöl, sbr. 3. tl. 1. mgr. 16. gr. stjórnsýslulaga. Verður kröfu stefnanda samkvæmt kröfulið 2.a því hafnað og stefndi sýknaður af kröfu um afhendingu á skrám úr skjalavistunarkerfi sínu.

Samkvæmt kröfulið 2.b krefst stefnandi yfirlits yfir skráningar stöðubreytinga máls nr. 1206039 í málaskrá stefnda. Stefndi vísar í greinargerð sinni til stuðnings sýknukröfu af þessari kröfu stefnanda til sömu málsástæðna og um kröfulið 2.a og telur að aðgangur að skrám í skjalavistunar- og málaskrárkerfi stefnda hafi eingöngu þýðingu fyrir öryggi og innra eftirlit hjá stefnda og stjórn og vinnslu einstakra málá hjá honum. Á þá málsástæðu stefnda hefur áður verið fallist. Af stefnu má

þó ráða að stefnandi telji það ekki liggja ljóst fyrir hvort stjórnsýslumáli stefnda á hendur honum sé lokið eða hvort það sé enn til meðferðar hjá stefnda. Aðili máls á rétt á upplýsingum um það hvort mál sem hann varðar er til meðferðar hjá stjórnvaldi. Telja verður að í kröfultiðnum felist m.a. krafa um upplýsingar frá stefnda um það hvort stjórnsýslumál varðandi stefnanda sé enn í vinnslu hjá stefnda eða hvort því sé lokið og sé svo þá hvenær því lauk. Þetta eru upplýsingar sem stefnandi á rétt á að fá frá stefnda, sbr. 14. gr. stjórnsýslulaga og ber stefnda því að upplýsa stefnanda um þessi atriði varðandi stöðu málsins. Í því felst ekki að stefnandi eigi rétt til aðgangs að málaskrá stefnda til að skoða þar sjálfur skrár um stöðubreytingar á málinu. Fallist verður á kröfu stefnanda samkvæmt þessum kröfultið, svo sem í dómsorði greinir.

Í kröfultið 2.c í stefnu krefst stefnandi allra gagna sem varða samskipti starfsmanna stefnda við embætti sérstaks saksóknara, önnur stjórnvöld og fjölmíðla vegna máls nr. 1206039. Stefndi kveðst hafa afhent stefnanda öll gögn sem fallið geta undir þennan kröfultið, þar með talið afrít af beiðni um aðstoð embættis sérstaks saksóknara og beiðni um aðstoð Tollstjóra við leit á starfstöð stefnanda, sem afhent hafi verið eftir þingfestingu málsins. Þá hafi stefnandi fengið tvær tilkynningar til fjölmíðla. Ekki séu fyrir hendi önnur gögn um samskipti starfsmanna við stjórnvöld og fjölmíðla. Stefnandi hefur ekki sýnt fram á eða leitt að því líkur að fleiri skjöl þetta varðandi séu fyrir hendi sem hann hafi ekki fengið í hendur og hefur hann því ekki sýnt fram á að hann hafi lengur af því lögvarða hagsmuni að fá dóm um þessa kröfu sína. Verður kröfunni því vísað frá dómi án kröfu.

Fyrir liggur að upplýsingar í skjali eða skjölum um útflutningsviðskipti annarra aðila, sem eru trúnaðarupplýsingar um verð í viðskiptum þeirra aðila og viðskiptavina þeirra, og sem stefndi telur sér óheimilt að deila með stefnanda, hafa verið afmáðar í þeim eintökum viðkomandi skjala sem stefnanda hafa verið afhent. Með þessari takmörkun kveðst stefndi hafa afhent stefnanda öll gögn sem varða samskipti starfsmanna stefnda við fyrtækni og einstaklinga vegna rannsóknar stefnda á máli nr. 1206039, sbr. kröfultið 2.d í stefnu. Stefnandi hefur engin rök fært fyrir því að hann hafi hagsmuni af því að fá þessar verðupplýsingar og hefur því ekki sýnt fram á að hagsmunir hans af því að fá upplýsingar um þessi atriði ættu að ganga fyrir hagsmunum umræddra aðila, sem löglíkur eru fyrir, af því að um þær upplýsingar sem þeir veittu stefndu og afmáðar hafa verið úr skjölum málsins ríki trúnaður, sbr. 17. gr. stjórnsýslulaga. Verður því að telja að stefnda hafi verið rétt að afmá umræddar upplýsingar og verður honum ekki gert að afhenda stefnanda þær. Stefnandi hefur ekki sýnt fram á eða leitt að því líkur að fleiri skjöl séu fyrir hendi í málinu um samskipti starfsmanna stefnda við fyrtækni og einstaklinga, sem hann hafi ekki fengið í hendur. Hefur stefnandi því ekki sýnt fram á að hann hafi af því lögvarða hagsmuni að fá dóm um þessa kröfu sína. Verður samkvæmt því hafnað kröfu stefnanda um að stefndi afhendi honum afmáðar upplýsingar, en kröfultiðnum verður að öðru leyti vísað frá dómi án kröfu.

Samkvæmt framansögðu verður fallist á kröfultið 2.b svo sem í dómsorði greinir. Kröfultið 2.a verður hafnað og þeim hluta kröfuliðar 2.d sem lýtur að afmáðum verðupplýsingum frá öðrum aðilum. Að öðru leyti verður kröfum stefnanda vísað frá dómi án kröfu þar sem hann hefur ekki sýnt fram á hagsmuni sína af því að fá dóm um þær kröfur sínar. Að því er varðar kröfultið 2.c er sú aðstaða nú fyrir hendi vegna þess að stefndi hefur fullnægt skyldu sinni til afhendingar gagna samkvæmt kröfultiðnum eftir að málið var höfðað.

Að framangreindu virtu og eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Kristrún Kristinsdóttir héraðsdómari kveður upp þennan dóm.

DÓMSORÐ

Stefndi, Seðlabanki Íslands, skal veita stefnanda, Samherja hf., upplýsingar um stöðu máls nr. 1206039 í málaskrá stefnda og upplýsingar um það hvort og þá hvenær breytingar hafa orðið á stöðu málsins.

Stefndi er sýkn af kröfultið stefnanda númer 2.a, um afhendingu afrita af þeim skram úr skjalavistunarkerfi stefnda (One Systems) þar sem haldið hefur verið utan um gögn og samskipti í stjórnsýslumáli stefnanda hjá stefnda nr. 1206039.

Stefndi er sýkn af þeim hluta kröfuliðar stefnanda númer 2.d, sem lýtur að afhendingu afmáðra verðupplýsinga frá öðrum aðilum, í gögnum sem stefnandi hefur þegar fengið afhent úr máli nr. 1206039 hjá stefnda.

Öðrum kröfum stefnanda er vísað frá dómi án kröfu.

Málskostnaður fellur niður.

Kistrún Kristinsdóttir

Rétt endurrit staðfestir:

Héraðsdómur Reykjavík 16. febrúar 2015